

Aðalfundur Ungmennafélags Njarðvíkur haldinn þann 24. júní

2020 kl. 20:00 í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur

Mættir voru: Anna Andrésdóttir, Ágústa Guðmarsdóttir, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Einara L. Kristjánsdóttir, Ólafur Eyjólfsson, Jenný L. Lárusdóttir og Thor Hallgrímsson úr stjórn félagsins ásamt 20 öðrum gestum.

Dagskrá fundarins:

1. Fundur settur
 - Kosning fundarstjóra
 - Kosning fundarritara
 - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
 - Ávarp formanns
 - Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda til samþykktar vegna ársins 2019
2. Heiðursviðurkenningar
3. Ávarp gesta
4. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda
 - a. Kosinn formaður til eins árs
 - b. Kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára
 - c. Kosnir tveir menn í varastjórn til eins árs
 - d. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara
5. Önnur mál
6. Fundarslit

1. Ólafur Eyjólfsson setur fundinn, býður gesti velkomna og stingur upp á Böðvari Jónssyni sem fundarstjóra, það er samþykkt samhljóða.

Böðvar kemur í pontu. Böðvar leggur til að Anna Andrésdóttir verði fundarritari og er það samþykkt samhljóða. Hann fer svo yfir dagskrá fundarins og fundarboðun en

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

nauðsynlegt var að fresta fundinum þegar hann var upphaflega boðaður í mars vegna samkomutakmarkana.

Fundargerð síðasta aðalfundar er lögð fram. Böðvar býðst til að lesa hana upp, en það er enginn sem óskar eftir því.

Ólafur formaður les upp skýrslu aðalstjórnar félagsins. Auk skýrslunar stiklar hann á stóru varðandi framtíðarsvæði félagsins að Afreksbraut og segir frá heimsókn bæjarfulltrúa Reykjanesbæjar til félagsins nú á dögnum.

Gunnar Þórarinsson kemur í pontu, hann talar um að það sé áhugahvert hversu margt er að gerast í bæjarfélaginu tengt íþróttum. Hann fer yfir ársreikning félagsins.

Ársreikningurinn var yfirfarinn af endurskoðenda og var ekkert athugavert að finna við hann.

Rekstarhagnaðaður er aðeins minni en í fyrra. Skuldir hafa minnkað. Stærstu tekjurnar eru af Lottó og getraunum og þjálfarastyrk ÍRB. Launaliðurinn hefur hækkað um ca 20% á milli ára. Hagnaður er minni en verið hefur, á síðasta ári voru allar deildir reknar í hagnaði en nú eru þrjár þeirra í taprekstri. Staða deildanna er þó mjög góð og eiga allar deildir handbært fé. Töluverð breyting var á þorrablótinu og er það vegna þess hvernig árið er gert upp, en margir borga fyrir þorrablótíð fyrir áramót.

Hann býður fundargestum að spyrja út í ársreikninginn eða koma með fyrirspurnir.

Gunnar Örn Guðmundsson spyr hvernig styrkir séu reiknaðir út. Jenný svarar að þjálfarastyrkur sé reiknaður út frá fjölda iðkennda á aldrinum 6-18 ára.

Böðvar býður fundargestum að taka til máls varðandi ársskýrsluna eða ársreikningana. Engin annar óskar eftir að taka til máls. Reikningar félagsins voru þá bornir upp til samþykktar og voru samþykktir samhljóða af öllum fundarmönnum.

Böðvar tekur það fram að liðurinn lagabreytingar hefði átt að vera næstur á dagskrá

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

en þar sem engar lagabreytingar lágu fyrir fellur þessi liður niður.

2. Heiðursviðurkenningar. Eftirfarandi aðilum er veitt

Gullmerki fyrir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið

Logi Halldórsson

Friðrik Stefánsson

Silfurmerki fyrir 15 ára starf eða keppni fyrir félagið:

Árni Þór Ármannsson

Guðni Erlendsson

Hörður Birkisson

Ágústa Guðmarsdóttir

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir

Bronsmmerki fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið:

Anna Andrésdóttir

Ólafur Thordersen kemur í pontu til að afhenda Ólafsbikarinn. Hann hlýtur kona sem hefur alltaf verið tilbúin að vinna fyrir félagið og hefur verið starfsmaður á hinum ýmsu viðburðum á vegum félagsins. Þetta er Þórunn Þorbergsdóttir.

3. Böðvar býður gestum að taka til máls.

Guðmundur Sigurbergsson frá UMFÍ ávarpar fundinn. Hann óskar

viðurkenningarhöfum til hamingju og talar um hversu mikilvægir sjálfbóðaliðar séu íþróttafélögunum. Hann óskar félaginu til hamingju með góðan ársreikning.

Hann nefnir að um 44% af tekjum UMFN komi frá Íslenskri getsþá og nefnir mikilvægi þess félags umfram erlend félög sem skila engu til landsins. Vegna Covid-ástandsins hefur þurft að fresta Landsmóti 50+ og Íþróttaveislu.

Unglingalandsmótið verður haldið um verslunarmannahelgina og er yfirleitt mikil ánægja með þau mót. Nú eru Ungmennabúðir á Laugarvatni. Hann bendir á þjónustumiðstöð UMFÍ í Sigtúni þar sem hægt er að óska eftir aðstoð og hvetur

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

hann félagið til að nýta þjónustumiðstöðina. Hann flytur kveðjur frá formanni og stjórn UMFÍ og óskar félagsmönnum velgengni í framtíðinni.

4. Kosningar;
 - a. Ólafur Eyjólfsson býður sig fram til formanns og er kosinn samhljóða
 - b. Anna Andrésdóttir og Ágústa Guðmarsdóttir bjóða sig fram til tveggja ára stjórnarsetu og eru kosnar samhljóða.
 - c. Thor Hallgrímsson og Þórdís Björg Ingólfssdóttir bjóða sig fram til varamanna stjórnar og eru kosin samhljóða.
 - d. Kristín Örlygsdóttir og Valpór Söring bjóða sig fram sem skoðunarmenn reikninga og Ingigerður Sæmundsdóttir til vara og eru þau öll kosin samhljóða.
5. Böðvar býður fundargestum að taka til máls undir liðnum önnur mál. Guðmundur Stefán Gunnarsson þjálfari í júdódeildinni kemur í pontu. Hann fagnar því sem er að gerast, nýtt hús og knattspyrnuvöllur. Hann er ánægður með ársreikninginn og vill benda á hve vel hefur gengið hjá júdódeildinni. Hann nefnir að þrír þjálfarar vinna launalaust hjá júdódeildinni og nefnir í því samhengi ungmennafélagsandann. Hann bendir á að júdódeildinni vantar keppnisaðstöðu, sem kostar um þrjár milljónir. Hann þakkar fyrir sig.
6. Böðvar kemur í pontu, þakkar fyrir sig og segir fundi slitið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:00.